

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmsbær Ögur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.4.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Stykkishólmsbær	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ein athugasemd var gerð í eftirliti og eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi fyrir móttöku og urðun á óvirkum úrgangi á urðunarstað við Ögur í Stykkishólmsbæ. Heimilt er að jarðgera eða endurvinna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan (lífbrjótanlegan) úrgang á svæðinu. Starfsleyfið er frá 9. nóvember 2006. Meðfylgjandi dagskrá var fylgt í stórum dráttum.

Dagskrá:

- Fundur
 - Yfirferð yfir rekstur urðunarstaðarins
 - Mælingar og sýnatökur
 - Umhverfismarkmið
 - Viðbragðsáætlanir
 - Neyðaráætlun
 - Samráðsfundur
 - Áætlanir
 - Tilkynningar
 - Nýtt starfsleyfi og skil á gögnum vegna þess.
 - Sköðun á urðunarstaðnum, myndir teknar og samantekt.

Eftirlit hófst á fundi með fulltrúa starfsleyfishafa á bæjarskrifstofunni í Stykkishólmi. Farið var yfir almennan rekstur urðunarstaðarins og umfang starfseminnar. Umfangið er í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Ekki er búið að vinna deiliskipulag fyrir fyrir urðunarstaðinn. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila á árinu og ekki orðið slys eða óhöpp.

Farið var yfir eftirlitsskýrslu frá 2015 þar sem gerð var athugasemd við það að engar niðurstöður hafi enn borist vegna vöktunar á umhverfisþáttum (sigvatni) við urðunarstaðinn. Sýnatökubrunnar sem komið var fyrir haustið 2014 hafa verið þurrir síðan og jafnvel eftir lagfæringar í júní 2015 þegar þeir voru dýpkaðir niður á fast leirilag hefur ekki komið vatn í brunna neðan við urðunarstaðinn. Líklegt er því að sigvatn undan urðunarstaðnum leiti niður í sprungur undir svæðinu en komi ekki fram í brunnum. Ráðgjafi rekstraraðila, UMÍS ehf. – Environice, lagði til að sýni yrði tekið úr brunni ofan urðunarstaðsins og síðan úr vatnslænu sem stundum rennur undan urðunarstaðnum. Enn hafa þó ekki náðst sýni til efnagreiningar vegna þurrka. Vísað er í tölvupóst Stefáns Gíslasonar hjá UMÍS ehf. til teymisstjóra eftirlitsteymis Umhverfisstofnunar frá júní 2016 um árlegar sýnatökur í vatnslænunni neðan urðunarstaðarins á þeim tíma sem vatn er í henni. Fram kom í eftirlitinu frá 2015 að mögulega yrði að flytja til sýnatökustaðina, þ.e. grafa nýja brunna neðan urðunarstaðarins.

Starfsleyfi urðunarstaðsins rennur út eftir u.þ.b. eitt ár og gera þarf skilmerkilegri kröfur um mælingar í nýju starfsleyfi. Stykkishólmsbær hefur sett sér umhverfismarkmið en þau eru ekki nógu aðgengileg. Mikilvægt er að starfsmenn í áhaldahúsi og verktakar á urðunarstaðnum séu upplýstir um áherslur rekstraraðila og markmiðin séu jafnvel afhent þeim sem aðgengi hafa að svæðinu og séu hluti af útboðslýsingu þegar verk á urðunarstaðnum eru boðin út.

Áhættumat og viðbragðsáætlun var unnið af UMÍS ehf. – Environice og var hvorugtveggja afhent á fundinum. Stykkishólmsbær, umsjónarmaður staðarins og eigendur vinnuvéla eru þar gerðir ábyrgir fyrir viðbrögðum til að lágmarka mengunartjón ef óhapp verður. Mikilvægt er að upplýsa og þjálfra þessa aðila í réttum viðbrögðum.

Gerður hefur verið samningur (svokölluð neyðaráætlun) við urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands um að taka yfir skyldur urðunarstaðarins við Ögur ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins.

Minnt var á ákvæði um samráðsfund á fjögurra ára fresti, sjá grein 4.8 í starfsleyfi. Þetta er sérstaklega mikilvægt núna þar sem gildistími starfsleyfisins rennur út á næsta ári.

Ákveðið var að rekstraraðili kalli til samráðsfundar fljótlega.

Fram kemur í skýrslu rekstraraðila um magn og gerð úrgangs frá árinu 2015 að garðaúrgangur og viðarumbúðir, alls 39 tonn, eru notuð sem fyllingarefni á urðunarstaðnum. Eins eru 30 tonn af viðarumbúðum notuð sem fyllingarefni á

urðunarstaðnum á árinu 2016. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi urðunarstarans sem einungis heimilur urðun óvirks úrgangs og annars óvirks úrgangs sem uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang. Skv. bréfi Umhverfisstofnunar til Stykkishólmsbæjar, dagsettu 3. apríl 2012, hefur sveitarfélagið heimild til að geyma allt að 20 tonnum hverju sinni af hreinum timburúrgangi á urðunarstaðnum, en hann skal allur nýtast til jarðgerðar.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Girðingar og hlið voru í góðu lagi. Frágangur urðunarreina var fullnægjandi skv. starfsleyfi og almennt snyrtilegt á að líta á urðunarstaðnum. Ekki varð vart við meindýr né varfugl.

Frávik frá

kröfum í grein 1.2 í starfsleyfi um hvað má urða að Ögri.

Lýsing á frávik

Fram kemur í skýrslu um magn og gerð úrgangs fyrir árin 2015 og 2016 að garðaúrgangur og viðarumbúðir eru notaðar sem fyllingarefni á urðunarstaðnum.

Einungis má urða óvirkan úrgang og annan óvirkan úrgang sem uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang auk úrgangsskel frá hörpuskilvinnslu á urðunarstaðnum að Ögri.

ATHUGASEMDIR

Sýnatökur og mælingar

Enn eru ekki komnar neinar niðurstöður mælinga á sigvatni frá urðunarstaðnum, þótt starfsleyfið sé orðið 11 ára gamalt og einungis eitt ár eftir af gildistíma þess. Í starfsleyfinu er óljóst orðið hvað skuli mæla og hversu oft. Rekstraraðili hefur fallist á ákveðna mælingaáætlun sem Umhverfisstofnun lagði fram. Leita þarf leiða til þess að niðurstöður mælinga á sigvatni liggja fyrir áður en vinna við nýtt starfsleyfi fer í gang.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.06.2017


Gottskálk Friðgeirsson